

**Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála
Háskóla Íslands**

**Yfirlit yfir helstu verkefni
fimmta starfsárs 2007**

2007 Efnisyfirlit

	Bls.
Frá formanni stjórnar Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála	3
Inngangur	4
Samstarfsaðilar, samstarfssamningar og rekstrargrundvöllur	4
Stjórn og forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála	4
Áherslur í starfi og stefna Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála	5
1. Fimm ára starfsafmæli nóvember 2007, tölulegt yfirlit yfir helstu verkefni 2002-2007.....	5
2. Helstu verkefni ársins 2007	7
3. Stærri rannsóknar- og þróunarverkefni	7
4. Vefrit um stjórn mála og stjórnsýslu	8
5. Þróun MPA-náms í opinberri stjórnsýslu	10
6. Félag stjórnsýslufræðinga	10
7. Erlent samstarf á árinu 2007.....	11
8. Samstarf við forsætisráðuneyti ofl. um stjórnsýsluréttarfræðslu	12
9. Opnir fyrirlestrar og endurmenntun fyrir opinbera starfsmenn ríkis og sveitarfélaga	12
10. Verkefni fyrir stjórn málafræðiskor	12
11. Fjármögnun starfsemi Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála.....	12
Viðauki I. Yfirlit yfir opna fyrirlestra og málþing ársins 2007	13
Viðauki II. Yfirlit yfir endurmenntunarnámskeið og fræðslu ársins 2007	17

Háskóli Íslands
Reykjavíkurborg
Landspítali – háskólasjúkrahús

Meginmarkmið Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála er að efla kennslu og rannsóknir í stjórnun opinberra stofnana, bæði ríkis og sveitarfélaga. Stofnuninni er ennfremur ætlað að vera vettvangur umræðna um stjórn mála, stefnumörkun og stjórnun í opinberum rekstri, þar á meðal um hlutverk fjölmiðla og hagsmunahópa í opinberri stefnumörkun.

Frá formanni stjórnar Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála fagnaði fimm ára starfsafmæli sínu haustið 2007. Stofnunin hefur á þessum þremur árum átt meginþátt í að byggja upp meistaranám í opinberri stjórnsýslu við Stjórn málafræðiskor Háskóla Íslands auk þess sem hún hefur sinnt fræðslu af ýmsu tagi um opinbera geirann, meðal annars með námskeiðahaldi. Aðsókn að meistaranáminu er stöðug og góð sem sýnir ef til vill betur en flest annað þörfina fyrir starfsemi af því tagi sem stofnunin og deildin vinna í sameiningu.

Stofnunin hefur einnig átt stóran þátt í að auka umræðu um málefni opinbera geirans á Íslandi og stuðla að því að sú umræða sé byggð á þekkingu og faglegum sjónarmiðum. Hún hefur staðið fyrir fjölda funda og ráðstefna um þessi málefni með ýmsum af samstarfsaðilum sínum. Frá upphafi hafa vel yfir tólf þúsund manns mætt á viðburði stofnunarinnar.

Loks hefur stofnunin sinnt því markmiði sínu að stuðla að rannsóknum í opinberri stjórnsýslu af vaxandi krafti. Hún gefur út tímarit um „stjórn mála og stjórnsýslu“ og hefur á sínum snærum tvö stór rannsóknarverkefni um stjórnun og starfsumhverfi ríkisstarfsmanna og um íbúalýðræði. Í skýrslu formanns á síðasta ári var það boðað að stofnunin myndi beita sér fyrir rannsóknum á íbúalýðræði og félagsauði. Vel hefur gengið að afla fjár til þessarar rannsóknar og er hún þegar komin af stað.

Á næstu árum má búast við að niðurstöður þessara rannsókna myndi ákveðinn kjarna í því sem stofnunin hefur fram að færa. Mikilvægt er samt að hafa augun opin fyrir nýjum rannsóknarsviðum sem stofnunin getur beitt sér á næstu árin.

Dr. Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor
Formaður stjórnar Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála

Inngangur

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála var sett á stofn á grundvelli samþykktar félagsvísindadeildar Háskóla Íslands frá 27. maí árið 2002. Starfssemin hófst í árslok 2002 og því var árið 2007 fimmta starfsár stofnunarinnar. Var þess minnst með veglegri afmælisráðstefnu þann 30. nóvember 2007, þar sem kynnt var stærsta verkefni stofnunarinnar til þessa, þriggja ára rannsóknar- og þróunarverkefnið Íbúalýðræði; Félagsauður og lýðræðiskerfi sveitarfélaganna. Nánar er sagt frá afmælisfundinum og verkefninu á bls. 5.

Stofnunin starfar á vegum stjórn málafræðiskorar, en heyrir undir félagsvísindadeild. Í reglum sem samþykktar voru í deildinni segir í 1. grein: "Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála er rannsóknar-, fræðslu- og þjónustustofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands. Stofnunin er vettvangur samstarfs Háskóla Íslands við opinbera aðila um eflingu náms og rannsókna um stjórnun opinberra stofnana, bæði ríkis og sveitarfélaga og vettvangur umræðna um stjórn mála og stjórnsýslu."

Á grundvelli þessarar greinar byggir starf stofnunarinnar, þ.e. sú viðleitni að byggja stjórnsýslufræði upp sem fag- og fræðigreini í íslensku samfélagi í samstarfi við sem flesta áhuga- og hagsmunaaðila utan Háskóla Íslands.

Samstarfsaðilar, samstarfssamningar, rekstrargrundvöllur

Í upphafi var leitað til Reykjavíkurborgar og Landspítala-háskólasjúkrahúss um samstarf og voru gerðir samningar til þriggja ára þar að lútandi á árinu 2002. Þeir samningar runnu út í árslok 2005, en voru endurnýjaðir til þriggja og fimm ára. Rektor Háskóla Íslands hefur frá upphafi lagt stofnuninni til 1 m. króna í rekstur.

Með samningi við Reykjavíkurborg til ársins 2010 má segja að starfsemi stofnunarinnar sé nokkuð vel tryggð þann tíma, takist áfram að afla þeirra viðbótar sértekna sem þarf bæði fyrir föstum kostnaði og öllum breytilegum kostnaði.

Af augljósum ástæðum er sérstök áhersla lögð á samstarf við þessa tvo aðila, þ.e. Landspítala og Reykjavíkurborg. Frá upphafi hefur það einnig verið stefna stofnunarinnar að vinna að sínum markmiðum í samstarfi við hagsmunaaðila í samfélaginu; fyrirtæki, stofnanir og samtök, innlend sem erlend, eftir því sem tilefni gefast. Þegar hefur tekist reglulegt og gott samstarf við fjölmarga aðila, svo sem Félag forstöðumanna ríkisstofnana, Samband íslenskra sveitarfélaga, embætti umboðsmanns Alþingis, Ríkiskaup, Ríkisendurskoðun, forsætis-, og fjármálaráðuneyti, erlend sendiráð, auk ýmssa opinberra stofnana og ráðgjafarfyrirtækja sem vinna með opinberum aðilum. Einnig hefur verið lögð áhersla á samstarf við erlenda aðila og var það starf umtalsvert á árinu 2007.

Stjórn og forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála

Í stjórn stofnunarinnar hafa setið frá upphafi þau Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórn málafræði, formaður, Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórn málafræði og Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórn málafræði, tilnefndir af stjórn málafræðiskor, Helga Jónsdóttir bæjarstjóri í Fjarðabyggð, áður sviðsstjóri stjórnsýslu- og starfsmannasviðs Reykjavíkurborgar, tilnefnd af Reykjavíkurborg og Magnús Pétursson þáv. forstjóri Landspítala-háskólasjúkrahúss, tilnefndur af LSH. Úr stjórn vék í árslok Páll S. Hreinsson fv. prófessor í lögum, en hann var tilnefndur var af rektor Háskóla Íslands.

Forstöðumaður er Margrét S. Björnsdóttir þjóðfélagsfræðingur og MPA. Stofnunin hefur aðsetur og starfsaðstöðu í húsnæði félagsvísindadeildar í Odda, v/Sturlugötu. Aðrir starfsmenn eru ráðnir til tímabundinna verkefna eftir því sem þörf er á.

Áherslur í starfi 2002-2007– stefna Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála

Þær megin áherslur sem lagðar voru í upphafi fyrir starfsemi Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála hafa ekki breyst í grundvallaratriðum, en þær voru skilgreindar svo: Efla framhaldsnám, hagnýt námskeið, rannsóknir og þróunarverkefni á sviði stjórnsýslufræða og stjórn málafræði, m.a. með því að leita samstarfs við hagsmuna- og fagaðila innanlands og erlendis. Stuðla að þverfaglegri samvinnu innan Háskóla Íslands á sviði stjórnsýslu og stjórn mála og stuðla að alþjóðlegri samvinnu og samstarfsverkefnum. Einstök verkefni taka þó mismikinn tíma á hverju starfsári eftir því á hvaða stigi þau eru, en á árinu 2007 hófst auk hefðbundinna verkefna undirbúningur að því að minnst fimm ára starfsafmælis með veglegum hætti.

1. Fimm ára starfsafmæli- nóvember 2007

Í tilefni af fimm ára starfsafmæli Stofnunar stjórnsýslufræða haustið 2007 hélt stofnunin afmælisráðstefnu þann 30. nóvember, þar sem annars vegar var farið yfir starfsemi stofnunarinnar á liðnum fimm árum og hins vegar kynnt nýtt þriggja ára rannsóknar- og þróunarverkefni um íbúalýðræði, sem sagt er frá á bls. 7.




Á afmælisfundinum fluttu erindi þau Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands, Dagur B. Eggertsson þáv. borgarstjóri, Hanna Birna Kristjánsdóttir stjórn málafræðingur og borgarfulltrúi og Gerry Stoker prófessor við háskólann í Southampton, en hann er einn fremsti fræðimaður Evrópu á sviði staðbundins lýðræðis og sveitarfélaga. Mikið fjölmenni sótti ráðstefnuna.

Formaður stjórnarinnar Gunnar Helgi Kristinsson prófessor brá í inngangi afmælisráðstefnunnar upp þremur myndum sem sýndu í hnotskurn virkni í starfi stofnunarinnar í samstarfi við stjórn málafræðiskor og hagsmuna- og samstarfsaðila utan Háskólans .

Eru myndir úr hans fyrirlestri hér fyrir neðan:

Fjölgun meistarana í opinberri stjórnsýslu 2002-2007


Þessi mynd sýnir þróun nemendafjölda í meistaránámi í opinberri stjórnsýslu frá upphafi starfstíma Stofnunar stjórnsýslufræða 2002 til og með ársins 2007, en þróun, markaðssetning og annar stuðningur við námið hefur frá upphafi verið eitt meginverkefni stofnunarinnar:



Opnir viðburðir og endurmenntunarnámskeið árin 2002-2007


Annað meginverkefni stofnunarinnar sl. fimm ár hefur verið að skapa vettvang umræðu og fræðslu um viðfangsefni stjórnsýslu og stjórn mála fyrir fag- og áhugafólk um stjórnsýslu og stjórn mála.

Á starfstíma stofnunarinnar hefur verið haldinn eins og fram kemur á myndunum hér fyrir neðan fjöldi opinna fyrirlestra, málþinga og námskeiða. Hefur það gerst í samsarfi við mikinn fjölda aðila ss. Reykjavíkurborg, Landspítala, Félag forstöðumanna ríkisstofnana, forsætis-, fjármála-, félagsmála- og utanríkisráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga, Akureyrarbæ og Reykjanesbæ. Ríkiskaup, Rannís, Iðntæknistofnun, Endurmenntun H.Í. og HA., ráðgjafafyrirtæki n Capacent og ParX. Sendiráð Danmerkur, Noregs, Svíþjóðar, Bandaríkjanna, og Kanada. Félög stjórnsýslufræðinga, sagnfræðinga og stjórn málafræðinga. Bláamannafélag Íslands og samtökin Heimssýn, Evrópusamtökin, Samtök um vestræna samvinnu og Varðberg. Samtök atvinnulífsins og ASÍ, Morgunblaðið. Ennfremur aðrar stofnanir, starfsnefndir og stjórnsýslusvið innan Háskóla Íslands. ofl. Fjöldi erlendra fyrirlesara hefur tekið þátt, auk innlendra fag- og fræðimanna.



Samtals voru haldnir um 160 viðburðir árin 2002-2007:
108 opnir fyrirlestrar, málþing og ráðstefnur
51 endurmenntunarnámskeið

Fjöldi viðburða á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála árin 2002-2007



Samtals sóttu um 12.840 manns viðburði árin 2002-2007:
Opnir viðburðir, ráðstefnur,
málþing, fyrirlestrar:
10.300 manns
Endurmenntunarnámskeið:
2.537 manns

Fjöldi þátttakenda í viðburðum stofnunarinnar árin 2002-2007

2. Helstu einstök verkefni á árinu 2007

Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu verkefni Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála, en auk þeirra var unninn fjöldi smærri verkefna.

Ljóst var frá upphafi að starf stofnunarinnar myndi einkum byggja á samstarfi við kennara stjórn málafræðiskorar, samstarfsaðila um stofnunina, kennara lagadeildar á sviði stjórnsýslu, auk samstarfsaðila og bandamanna utan Háskóla Íslands. Því var mótuð sú stefna að leita í sem flestum verkefnum eftir samstarfsaðilum meðal þeirra sem eiga hagsmuna að gæta varðandi uppbyggingu fræðslu, rannsókna og þróunar íslenskrar stjórnsýslu og stjórn mála. Í því sem talið er upp hér á eftir hefur stofnunin notið fjárstuðnings fjölda stofnana, vinnuframlags einstaklinga, auk beins og óbeins stuðnings þeirra aðila sem standa að stofnuninni. Er ljóst að án þess væri þetta umtalsverða umfang starfseminnar ekki mögulegt.

3. Stærri rannsóknar- og þróunarverkefni

Stjórnun og starfsumhverfi ríkisstofnana 2006-2007, handbók um Stjórnunarmat

Á árinu 2007 lauk viðamiklu rannsóknarverkefni á stjórnun og starfsumhverfi ríkisstofnana. Um var að ræða samvinnuverkefni Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála, fjármálaráðuneytis, Félags forstöðumanna ríkisstofnana og ParX, viðskiptaráðgjafar IBM. Hluti verkefnisins fór fram í samstarfi við Landspítala háskólasjúkrahús og annar Háskóla Íslands. Stjórnandi rannsóknarinnar var Ómar H. Kristmundsson dósent í stjórnsýslufræðum. Haldnir voru fjölmennir kynningarfundir á niðurstöðunum, sem mörg hundruð manns sóttu og er nánar greint frá í viðauka 1.

Rannsóknin beindist að stjórnun ríkisstofnana, þar á meðal mannauðs- og fjármálastjórnun, launaákvörðunum og samskiptum stofnana við ráðuneyti. Einnig náði rannsóknin til upplýsingamiðlunar innan stofnana, vinnubragða, samskipta og starfsánægju og þjónustu stofnana. Alls tóku 144 stofnanir þátt í rannsókninni og 10 þúsund ríkisstarfsmenn. Með rannsókninni er lagður grunnur að umbótastarfi ríkisstofnana, sem fullur hugur er að nýta. Umfangsmikil eftirfylgni á sér því stað af hálfu bæði fjármálaráðuneytis og annarra fagráðuneyta, svo og stofnananna sjálfra. Nánari upplýsingar um rannsóknina eru á vef fjármálaráðuneytisins:

<http://www.fjarmalaraduneyti.is/starfsmenn-rikisins/almennt/konnun/>

Á árinu 2007 var uppfærð með hliðsjón af áður greindri rannsókn og gefin út á endanlegu formi handbókin *Stjórnunarmat hjá opinberum stofnunum – grundvöllur umræðu og þróunar*. Með aðstoð handbókarinnar geta stjórnendur eða starfsmannastjórar fylgt eftir niðurstöðum rannsóknar Ómars H. Kristmundssonar og framkvæmt stjórnunarmat mat innan eigin stofnunar eða deildar. Í henni eru vel útfærðar leiðbeiningar um undirbúning, framkvæmd (þ.á m. spurningalistar úr rannsókn Ómars) og eftirfylgni stjórnendamats. Handbókin var samin af þeim Ómari H. Kristmundssyni og Margréti S. Björnsdóttur í samráði við fjármálaráðuneytið.

Íbúalýðræði; Félagsauður og lýðræðiskerfi sveitarfélaganna 2007-2010

Þetta verkefni var sett af stað, eins og áður gat, í tilefni fimm ára starfsafmælis stofnunarinnar. Á árinu 2007 fór fram undirbúningur rannsóknar- og þróunarverkefnisins, sem standa mun fram til ársins 2010. Verkefnið var þróað og sótt um styrki í rannsóknarsjóði HÍ. og Rannís. Aðrir styrktar og samstarfsaðilar eru Samband íslenskra sveitarfélaga og Landsbankinn. Á árinu var tryggt fjármögnun verkefnisins.

Megin inntak þess er eftirfarandi: Hvernig má þróa og ná sátt um aðferðafræði íbúabátttöku við lausn deilumála, sem stuðlað getur að samstöðu og um leið styrkt lýðræði og félagsauð sveitarfélaga? Í rannsókninni, sem mun ná til 22 stærstu sveitarfélaga landsins þar sem 89% landsmanna búa, verður í fyrsta skipti tekin saman reynsla íslenskra sveitarfélaga af íbúalýðræði bæði almennt, en einkum á sviði umhverfis- og skipulagsmála. Lærdómar verða dregnir af reynslunni sem geta stuðlað að markvissari aðferðafræði sveitarfélaganna við samráð við íbúana í framtíðinni, bæði á þessum sviðum og öðrum. Ef vel tekst til munu ennfremur geta orðið til út frá þessu afmörkuð verkefni ýmis spennandi hliðarverkefni, bæði meistara- og dr. nema, sem tengjast íslenskum sveitarfélögum og lýðræði. Stjórnandi rannsóknarinnar er Gunnar Helgi Kristinsson prófessor, en einnig verður ráðinn nokkur fjöldi aðstoðarfólks sem vinna mun að verkefninu með honum.

Opnuð hefur verið heimasíða með efni um rannsóknina inn á: www.stjornmalogstjornsysla.is

4. Vefrit um stjórnmal og stjornsyslu; www.stjornmalogstjornsysla.is

Stjorn stofnunarinnar akvao a arinu 2005 ao freista pess ao byggja upp birtingarvettvang a netinu m.a. fyrir fraedi- og faggreinar um stjornmal og stjornsyslu. Ljost var fra upphafi ao þetta yrði eitt af meginverkefnum stofnunarinnar ef vel tekist til við þróa starfsgrundvöll vefritsins, bæði faglega og fjárhagslega.

Fræðilegi hluti ritsins hefur verið metinn af rannsóknasviði HÍ og er niðurstaðan eftirfarandi: „Samkvæmt mati Rannsóknasviðs H.Í. nær tímaritið 1. flokki: 1. flokkur: Fagleg ritstjórn, stífar formlegar kröfur, ítarleg fræðileg ritrýni (mögulegt mat á greinum m.v. skala kjaranefndar 10 stig). Í þessu mati felst tiltekin viðurkenning á fræðilegu gildi tímaritsins. Þrýðilega hefur gengið að fá efni í vefritið.

Kostnaður við prófarkalestur, hönnun og prentun er um 1.000.000 króna á ári. Ekki er greitt fyrir ritrýni eða greinar, en í hvoru tveggja felst auðvitað umtalsverður kostnaður. Þar sem efnið er öllum opið á netinu verða almennar áskriftartekjur takmarkaðar, þannig að á árinu 2008 verður ráðist í að safna s.n. styrktaráskriftum, svo tryggja megi til framtíðar fjárhagslegan grundvöll vefritsins.

Allt efnið er eins og áður sagði opið á vefnum, gefin eru út tvö tölublöð á ári annað snemma sumars en hitt í byrjun desember. Í árslok eru fræðilegu (ritrýndu) greinarnar prentaðar. Í desember 2005 kom út fyrsta tölublaðið. Áskrifendum var safnað og er ritið nú fánlegt á öllum helstu bókasöfnum og mörgum stofnunum. Það er auk þess til sölu í helstu bókabúðum.

Í vef útgáfunni eru eftirtaldir efnisflokkar; ritrýndar fræðigreinar, greinar almenns eðlis um stjornmal og stjornsyslu, bókadómar, útdrættir úr lokaritgerðum BA- og MPA-nema, auk doktorsritgerða, stjornmála- og stjornsyslufraedingatla, upplýsingar um opna fundi, námskeið og málþing sem á döfinni eru hverju sinni, ásamt tenglum er varða fagsvið stjornmála- og stjornsyslufraeda s.s. fræðitímarit sem aðgengileg eru á vefnum, samtök stjornmálafraedinga o.fl. Félag stjornmálafraedinga og Félag stjornsyslufraedinga á Íslandi hafa einnig heimasvæði sitt á vefnum.

Ritstjórn

Almenn ritstjórn er í höndum Arnars Þórs Mátssonar, M.Sc. í stjornmálafraedi, Gunnars Helga Kristinssonar, Ph.D. í stjornmálafraedi og Margrétar S. Björnsdóttir, MA í félagsfraedi og MPA. Vefritstjóri er Haukur Arnþórsson, MPA og doktorsnemi við stjornmálafraediskor H.Í.

Ráðgefandi ritstjórn starfar og er hennar hlutverk einkum að ritrýna greinar, skrifa bókadóma og styðja hina almennu ritstjórn. Í henni sitja þau Auðunn Arnórsson, MA í sagnfraedi og stjornmálafraedi, og D.E.E.A í Evrópufræðum, Baldur Þórhallsson, Ph.D. í stjornmálafraedi, Birgir Hermannsson, Dr.fil. í stjornmálafraedi, Brynhildur Ólafsdóttir, MA í stjornmálafraedi, Davíð Logi Sigurðsson, MA í írskum fræðum og – stjornmálum, Eiríkur Bergmann Einarsson, Cand.Scient. Pol. og doktorsnemi við stjornmálafraediskor HÍ, Grétar Þór Eyþórsson, Ph.D. í stjornmála- og stjornsyslufraedum, Guðmundur Heiðar Frímannsson, Ph.D. í siðfraedi, Gústaf Adolf Skúlason, M.Sc. í milliríkjasamskiptum, Halldór Grönvold, MA í vinnumarkaðsfræðum, Hanna Birna Kristjánsdóttir, MA í stjornmálafraedi, Helga Jónsdóttir, cand. jur., Indriði H. Indriðason, Ph.D. í stjornmálafraedi, Jóhann M. Hauksson, Ph.D. í stjornmálafraedi, Magnús Pétursson, hagfræðingur, Ólafur Þór Gylfason, M.Sc. í aðferða- og tölfraedi, Ólafur Þ. Harðarson, Ph.D. í stjornmálafraedi, Ólafur Þ. Stephensen, M.Sc. í alþjóðastjornmálum, Óli Jón Jónsson, M.Sc. í evrópastjornmálum, Ómar H. Kristmundsson, Ph.D. í stjornsyslufraedum, Róbert Ragnarsson, MA í stjornmálafraedi, Silja Bára Ómarsdóttir, MA í alþjóðasamskiptum, Stefanía Óskarsdóttir Ph.D. í stjornmálafraedi, Steinunn Halldórsdóttir, EMPA í stjornsyslufraedum, Svanborg Sigmarsdóttir, MA í stjornmálafraedi, Svandís Nína Jónsdóttir, M.Sc. í stjornmálafraedi og doktorsnemi við stjornmálafraediskor HÍ og Þorsteinn Magnússon, Ph.D. í stjornmálafraedi.

Útgáfa 2007

Út voru gefin á árinu tvö tölublöð þessa 3. Árgangs tímaritsins. Greinarnar spanna vítt svið stjornmála og stjornsyslu, félagsvísinda, lögfræði og hagfræði. Höfundar eru kennarar við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Akureyri, embættismenn í stjornkerfinu, fagfólk í ráðgjöf, sjálfstætt starfandi sérfræðingar og fræðimenn ma. úr Reykjavíkúrákademíunni.

Bækurnar sem fjallað er um hafa einnig víða skírskotun og fjalla um utan- og innanríkismál Íslands jafnt og málefni fjarlæggra heimshluta, stríð og stríðsvarnir, náttúruvernd, kvennápolitík og virðingu og menntun.

Ritdómarar eru fræðimenn og fagfólk sem er vel heima í viðfangsefni bókanna.

Stjórnmal og stjórnsýsla, 1. tbl. 3. árgangs 2007, útg. í júlí:

Fjórar fræðilegar og ritryndar greinar voru í þessu hefti, fimm almennar greinar og þrjú bókadómur:

Fræðigreinar: Stjórnarmyndanir á Íslandi 1971 – 2007: Frá framsóknaráratugum til drottinsvalds Sjálfstæðisflokksins (með drauminn um samfylkingu jafnaðarmanna í bakgrunni). Höfundur Guðni Th. Jóhannesson lektor við Háskólann í Reykjavík. Meirihluti og margræði: Ríkisstjórnarmyndanir 1939-1959. Höfundur Stefanía Óskarsdóttir PhD. Í stjórn málafræði. Hverju breyttu kosningar? Um samhengi kosninga og stjórnarmyndana í 65 ár. Höfundur Helgi Skúli Kjartansson prófessor við Kennaraháskóla Íslands.

Almennar greinar: Hvers virði er heilsan? Viðfangsefni framundan. Höfundur Magnús Pétursson hagfræðingur, forstjóri Landspítala. Skattapólitik: Er skattkerfið sanngjarnt og hvernig nýfast ívilnanir þess? Höfundur Indriði H. Þorláksson hagfræðingur. Hættur upplýsinga-samfélagsins. Höfundur Haukur Arnþórsson MPA og doktorsnemi við stjórn málafræðiskor Háskóla Íslands. Sjá roðann í austri: Efnahagsleg og pólitísk umskipti í Póllandi og víðar í Mið- og Austur-Evrópu. Höfundur Kjartan Emil Sigurðsson MA í stjórn málafræði og M.Sc. í stjórn málahagfræði Mið- og Austur-Evrópuríkja. Áhrif 11. september 2001 á NATO: Öryggi og ógnir í öðru ljósi. Höfundur Tómas Orri Ragnarsson, viðskiptafr., starfsm. fastanefndar Íslands hjá NATO.

Bókadómur: Við brún nýs dags - saga Verkamannafélagsins Dagsbrúnar 1906-1930, höfundur Þorleifur Friðriksson, bókadómari Sumarliði R. Ísleifsson sagnfræðingur, Samfélagsleg áhrif verkalyðshreyfingar-innar á 20. öld - framtíðarsýn á 21. öldinni, ritstjórn Sumarliði R. Ísleifsson og Þórunn Sigurðardóttir, ritstjórn, bókadómur Guðmundur Heiðar Frímansson, prófessor HA, Opið land: Staða Íslands í samfélagi þjóðanna, höfundur Eiríkur Bergmann Einarsson, bókadómari Magnús Árni Magnússon M.A., M.Phil.

Stjórnmal og stjórnsýsla 2. tbl. 3. árgangs 2007, útg. 14. desember:

Í þessu hefti voru sjö fræðigreinar, sjö greinar almenns eðlis og tólf bókadómur:

Fræðigreinar: Ólög bundin verkefni sveitarfélaga. Höfundur Trausti Fannar Valsson lögfræðingur, kennari við Háskóla Íslands, Fyrning kynferðisbrota gegn börnum. Höfundur Svala Ísfeld Ólafsdóttir lögfræðingur og kennari við Háskólann í Reykjavík, Skipan lífeyrismála á almennum vinnumarkaði. Höfundur Ólafur Ísleifsson lektor við Háskólann í Reykjavík, Svo uppsker sem sáir. Innleiðing og notkun rafrænna skjalastjórnmarkerfa. Höfundur Jóhanna Gunnlaugsdóttir dósent við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, Jöfnuður og sanngjörn skattlagning. Höfundur Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, Skattastefna Íslendinga. Höfundur Stefán Ólafsson prófessor við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, Stjórnsækni og stefnufesta. Höfundur Gunnar Helgi Kristinsson prófessor og Indriði H. Indriðason dósent HÍ.

Almennar greinar: Ríkið hf. Hlutafélagavæðing ríkisrekstrar. Höfundur Arnar Þór Músson, sérfræðingur í umbóta- og hagæðingarmálum í opinberri stjórnsýslu og aðjúnkt við Háskóla Íslands, Lýðræðisleg ábyrgð og rekstrarform stjórnsýslu. Höfundur Gunnar Helgi Kristinsson prófessor í stjórn málafræði við Háskóla Íslands, Á svig við góða stjórnhætti. Vandir þess að virkja opinberar auðlindir. Höfundur Sigurður H Helgason stjórnsýslufræðingur og framkvæmdastjóri ráðgjafarfyrirtækisins Stjórnhættir ehf. Should Iceland engage in policy dialogue with developing countries? Höfundur Hilmar Þór Hilmarsson lektor viðskipta- og raunvísindadeild Háskólans á Akureyri. Um mikilvægi rannsóknaseturs á sviði opinberrar stjórnsýslu. Höfundur Ómar H. Kristmundsson dósent í opinberri stjórnsýslu við Háskóla Íslands. Er enn stefnt að nýskipan í opinberum rekstri? Höfundur Arnar Jónsson og Arnar Pálsson, stjórnsýsluráðgjafar hjá ParX - viðskiptaráðgjöf IBM. Afnáam einkasölu áfengis. Yfirlit yfir rannsóknir á breytingum á áfengissölu. Höfundur Hildigunnur Ólafsdóttir dr. philos. Reykjavíkur Akademiúnni

Bókardómur: Virðing og umhyggja - ákall 21. aldar, höf.: Sigrún Aðalbjarnardóttir, ritd.: Þóroddur Bjarnason, Guðni af lífi og sál - saga þjóðar, manns og stormasamra átaka, höf.: Sigmundur Ernir Rúnarsson, ritd.: Birgir Hermannsson, "Hlustaðu á þína innri rödd" - Kvennaframboð í Reykjavík og Kvennalisti 1982-1987, höf.: Kristín Jónsdóttir, ritd.: Þorgerður Einarsdóttir, Bréf til Maríu, höf.: Einar Már Jónsson, ritd.: Guðmundur Steingrímsson, Almenningsálitid er ekki til, höf.: Pierre Bourdieu, þýðendur Björn Þorsteinsson, Egill Arnarson, Gunnar Harðarson, ritd.: Ólafur Þ. Harðarson, Afríka sunnan Sahara í brennidepli, ritstj.: Jónína Einarsdóttir og Þórdís Sigurðardóttir, ritd.: Ólöf Ýrr Atladóttir, Í felulitum - við friðargæslu í Bosnía með breska hernum, höf.: Hildur Helgadóttir, ritd.: Silja Bára Ómarsdóttir, Velkominn til Bagdad - ótti og örlög á vígvöllum stríðsins gegn hryðjuverkum, höf.: Davíð Logi Sigurðsson, ritd.: Birgir Hermannsson, Fyrsti vestur-íslenski feminístinn - þættir úr baráttusögu Margrétar J. Benedictsson, höf.: Björn Jónsson, ritd.: Auður Styrkarsdóttir, Ný staða Íslands í utanríkisáttum - tengsl við önnur Evrópulönd, ritstj.: Silja Bára Ómarsdóttir, ritd.: Guðni Th. Jóhannesson, Þorskastríðin þrjú - saga landhelgismálsins 1948-1976, höf.: Guðni Th. Jóhannesson, ritd.: Helgi Ágústsson, Náttúra, vald og verðmæti, höf.: Ólafur Páll Jónsson, ritd.: Ásta Þorleifsdóttir.

5. Þróun MPA-náms í opinberri stjórnsýslu

Frá upphafi hefur Stofnun stjórnsýslufræða stutt dyggilega við bakið á MPA-námi stjórnmálafræðiskorar, enda er námið lykilkþáttur í að byggja upp fagsvið stofnunarinnar. Árangur hefur verið góður eins og glögg sést á myndinni á bls. 5 um þróun í nemendafjölda eftir at stofnunin tók til starfa.

Á árinu 2007 var hafist handa við umfangsmikið þróunarverkefni sem fólst í því að leita samstarfs við hinar ýmsu deildir og skorir Háskólans um að gefa nemendum möguleika á að sérhæfa sig á tilteknum fagsviðum opinberrar stjórnsýslu. Þeirri málaleitan var afar vel tekið og niðurstaðan varð sú, að auk almenns náms í opinberri stjórnun og stjórnsýslu býðst nemendum frá og með haustinu 2008 að nýta sér þá miklu breidd og styrk sem býr í Háskóla Íslands: Þeir MPA nemar sem það kjósa geta sérhæft sig með umfangsmiklum valnámskeiðum og lokaverkefni á ellefu fagsviðum Háskóla Íslands: Í *umhverfisstjórnun, lýðheilsuvísindum, stjórnun menntastofnana, stjórnsýslurétti, umhverfis- og auðlindarétti, þjóðarétti, Evrópurétti, viðskipta- og skattarétti, alþjóðasamskiptum, hagnýtum jafnréttisfræðum og upplýsingastjórnun og rafrænum samskiptum*. Aðrir sem kjósa hina almennu námsbraut án sérhæfingar, geta sótt einstök valnámskeið á þessum sviðum. Í framtíðinni verða fleiri kostir í boði, enda býður fagleg breidd Háskólans uppá óteljandi möguleika að þessu leiti:



Auk þessarar þróunar námsins hefur stofnunin séð um margvísleg verkefni tengd náminu; námsráðgjöf og aðstoð við nemendur og margháttaðar samkomur til að styrkja tengsl milli þeirra, aðstoð við kennara, kynningar og gerð bæklinga um námið. Sérstaklega ber þó að nefna fjarnám í opinberri stjórnsýslu, en Stofnun stjórnsýslufræða hefur alfarið séð um þennan þátt í samstarfi við kennara námsins og Kennslumiðstöð Háskóla Íslands. Um 40 nemendur víðs vegar um landið og sumir erlendis, stunda nú námið í fjarnámi. Er viðbótarkostnaður vegna þessa fjármagnaður með styrkjum sem Stofnun stjórnsýslu- og stjórnmálafræða aflar.

6. Félag stjórnsýslufræðinga

Að frumkvæði nemenda sem útskrifast höfðu í MPA-námi stjórnmálafræðiskorar var stofnað á árinu 2006 Félag stjórnsýslufræðinga.

Félagið er fagfélag háskólamenntaðs fólks á sviði stjórnsýslufræða eða (public administration). Félagið vill m.a. stuðla að eflingu og kynningu hagnýtrar menntunar og rannsókna í stjórnsýslufræðum og skyldum fræðigreinum auk endurmenntunar og fræðslu meðal félagsmanna sinna. Fyrstu stjórn félagsins skipuðu á árinu 2007:

Ingibjörg Ásgeirsdóttir MPA, forstöðumaður Námsgagnastofnunar formaður, dr. Grétar Eypórssón kennari við Viðskiptaháskólann á Bifröst varaformaður, Gissur Pétursson MPA forstjóri Vinnumálastofnunar ritari, Esther Guðmundsdóttir MPA gjaldkeri, Svandís Ingimundardóttir MPA og skólafulltrúi Samtaka íslenskra sveitarfélaga félagatalsfulltrúi og Ívar J. Arndal MPA forstjóri ÁTVR varamaður. Á árinu 2007 komu ný inn í stjórnina þau Svavar Halldórsson MPA fréttamaður RÚV og Guðrún Þórey Gunnarsdóttir MPA. Félagið starfar í nánnum tengslum við Stofnun stjórnsýslufræða og er forstöðumaður því innan handar eins og kostur er.

7. Erlent samstarf á árinu 2007 – alþjóðlegt umhverfi og víðtækt tengslanet

Mikilvægt er á hverjum tíma að veita til Íslands alþjóðlegum straumum og stefnum í stjórnsýslu og stjórnámálum. Við þetta er lögð sérstök rækt í Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmálafræðiskor HÍ og eru þau aðilar að margvíslegu alþjóðlegu samstarfi. Á hverju ári koma einnig til landsins erlendir fyrirlesarar frá háskólum, úr stjórnsýslu og stjórnámálum, sem halda opna fyrirlestra fyrir nemendur, kennara og fagfólk úr íslenskri stjórnsýslu og stjórnámálum. Hér er yfirlit yfir helstu verkefni sem Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála á aðild að.

DEMO-net The e-Participation Network 2006-2009

Stærsta erlenda samstarfsverkefni Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála til þessa er *Demo-net, evrópskt samstarfsnet um öndvegisrannsóknir og aðferðir á sviði rafrænnar þátttöku*. Meginverkefni þess er fagleg samhæfing og að vera vettvangur fyrir þverfaglegar rannsóknir og samstarf, m.a. um mótun nýrra og samræmdra mælikvarða við mat á rafrænni þátttöku. Enn fremur að finna leiðir til að efla rafræna þátttöku almennings í opinberum málum og gera hana innihaldsríkari og upplýstari en áður hefur verið. Verkefnið er fjármagnað að fullu í fjögur ár með styrk frá Evrópusambandinu og að því koma samstarfsaðilar frá 19 háskólum og svæðasamtökum sveitarfélaga í 11 Evrópulöndum. Ásta Þorleifsdóttir MPA- nemi og Haukur Arnþórsson dr. nemi eru starfsmenn verkefnisins, en Haukur er að ljúka doktorsprófi í rafrænni stjórnsýslu við stjórnmálafræðiskor HÍ. Sjá nánar um verkefnið: <http://www.demo-net.org/>

Samstarfsnet um kennslu og þróun reglu umhverfis rafrænnar stjórnsýslu

Stofnun stjórnsýslufræða er aðili að evrópska Erasmus samstarfsnetinu, *LEFIS-Legal Framework for the Information Society* og hefur Haukur Arnþórsson tekið þátt í því samstarfi. Í júlí 2007 var haldinn fundur samstarfsnetsins á Íslandi og sá Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála um þann fund, en hann sóttu um 25 fræðimenn alls staðar að úr Evrópu. Tilgangur samstarfsnetsins er að gera háskólum kleift að þróa sameiginleg námskeið og upplýsingaveitur um löggjöf og regluverk sem varða nýjar aðstæður með tilkomu upplýsingasamfélagsins, að hafa tiltæk kennslutilboð sem mæta þörfum og væntingum nemenda á æðri kennslustigum og að vera samráðsvettvangur aðila sem starfa að þessum verkefnum. Aðilar eru 140 háskólar og stofnanir sem starfa á þessu sviði. Sjá nánar <http://www.lefis.org/>

Samstarfsnet um rannsóknir og þróun á rafrænni stjórnsýslu-NORIA-net: The Citizens' Services - Turning public-private outside-in, 2007-2008

Á árinu 2007 hófst samstarf Stofnunar stjórnsýslufræða og Rannsóknþjónustu HÍ., með stuðningi Rannís, við norræna aðila frá samstarfsnetinu *eGOVERNMENT* (<http://www.egovernment.org/>), um að efla tengsl og fjölþjóðlegt samstarf um rannsóknir á sviði rafrænnar stjórnsýslu. Í undirbúningi er, með styrk frá NordForsk; NORIA-net verkefninu, að skilgreina á árinu 2008 rafræna stjórnsýslu og áhrif hennar einkum fyrir almennings, en einnig stjórnsýsluna, sem sameiginlegt rannsóknarsvið á Norðurlöndum og í baltnesku löndunum þremur. Sú vinna verður unnin á árinu 2008 í nánú samstarfi við fræðimenn, notendur og framleiðendur hugbúnaðar og aðra hagsmunaaðila í öllum löndunum á þessu sviði. Stjórnandi verkefnisins er *VINNOVA* stofnunin í Stokkhólmi.

Ráðstefnur alþjóðlegra samtaka stjórnmálafræðinga

Stjórnmálafræðiskor Háskóla Íslands sér um aðild Íslands að alþjóðlegum samtökum stjórnmálafræðinga. Á Norðurlöndum: *Nordic Political Science Association*, í Evrópu *European Consortium for Political Research* og alþjóðavettvangi *International Political Science Association*. Stofnun stjórnsýslufræða hefur séð um þær ráðstefnur sem samtökin halda hér á landi í umboði og samstarfi við skorina, *NOPSA 2006* og *ECPR árið 2011*, þær snerta opinbera stjórnsýslu með margvíslegum hætti. Auk þess standa evrópsku samtökin ECPR, fyrir sumarskóla í aðferðafræði á hverju ári í Essex og stendur hann nemendum og kennurum við stjórnmálafræðiskor opinn.

Evrópskir og norrænir stjórnsýsluskólar

Flest evrópuríki starfrækja sérstaka stjórnsýsluskóla sem bjóða grunn- og/eða endurmenntun fyrir starfsmenn og stjórnendur hins opinbera. Á vegum þeirra starfa fjölþjóðleg samtök, bæði á *Norðurlöndunum*, í *Evrópu* og *alþjóðlega*. Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála hefur tekið að sér að sjá um þátttöku Íslands í þessu samstarfi, ásamt fjármálaráðuneytinu. Þau hafa haldið fundi hérlendis og standa MPA nemum og öðrum ákveðin námskeið á þeirra vegum opin samkvæmt nánara samkomulagi.

8. Samstarf við forsætisráðuneyti, Félag forstöðumanna ríkisstofnana og Lagastofnun H.Í. um fræðslu um stjórnáslu-, upplýsinga- og persónurétt

Fyrir frumkvæði umboðsmanns Alþingis hefur Stofnun stjórnáslufræða staðið árlega fyrir vönduðum námskeiðum fyrir starfsfólk stjórnáslu ríkis og sveitarfélaga á ofangreindum sviðum. Náðst hefur mjög gott samstarf við hans embætti, forsætisráðuneyti, Lagastofnun HÍ. og Félag forstöðumanna um verkefnið. Á árinu 2007 stóð Stofnun stjórnáslu- og stjórnáslufræða þannig að sex vikna ítarlegu námskeiði um stjórnáslurétt í fjarfundabúnaði fyrir starfsmenn stjórnáslu á landsbyggðinni. Var það haldið í samstarfi við 16 símenntunarmiðstöðvar um allt land og sóttu 48 námskeiðið. Auk þess var haldið námskeið um algeng mistök í framkvæmd stjórnáslulaga, annað í Reykjavík, en hitt á Akureyri. Þau námskeið sóttu um 300 manns. Enn fremur fræðslunámskeið um Áhrif laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga; við söfnun upplýsinga, skráningu, miðlun og málsmeðferð stjórnvalda. Það námskeið sóttu 160 manns. Haldin var fyrsta málstofa af fjórum fyrir lögfræðinga allra ráðuneyta undir yfirskriftinni Stjórnáslureglur – náum betri árangri og aukum gæði stjórnáslunnar: Lagagrundvöllur athafna stjórnáslunnar, stjórnvaldsfyrirmæla og stjórnvaldsákvæðana. Þetta fyrsta námskeið sóttu 30 manns. Kennarar á námskeiðunum voru okkar fremstu lögfræðingar á þessu sviði þeir Páll Hreinsson prófessor, Róbert Spanó prófessor, Tryggvi Gunnarsson umboðsmaður Alþingis, Trausti Fannar Valsson doktorsnemi og stundakennari við H.Í. , Þórður Sveinsson lögfræðingur hjá Persónuvernd og Kjartan Bjarni Björgvinsson aðstoðarmaður umboðsmanns Alþingis. Sjá nánar í viðauka II.

9. Opnir fyrirlestrar, málþing og endurmenntun

Eitt verkefna stofnunarinnar hefur frá upphafi verið að skapa umræðuvettvang fyrir fag- og áhugafólk um stjórnáslu og stjórnásl. Sem fyrr var haldinn í þeim tilgangi fjöldi opinna fyrirlestra og málþinga um efni er lúta að stefnumörkun og stjórnun í opinberum rekstri, ný lýðræðisform og þróun lýðræðis, alþjóðamál og þjóðfélagsþróun, fjölþjóðlegar stofnanir og lagaramma opinberrar starfsemi. All nokkrir erlendir fyrirlesarar tóku þátt, auk innlendra fag- og fræðimanna. Á árinu 2007 voru haldin 21 málþing og opnir fyrirlestrar. Aðsókn var oftast góð og má áætla að tæplega 1800 manns hafi sótt einhvern þessara viðburða. Sjá yfirlit í viðauka I. Endurmenntunarnámskeið og fræðslufundir fyrir opinbera starfsmenn voru einnig all nokkur. Skipulögð voru í samstarfi við Endurmenntunastofnun og Lagastofnun Háskóla Íslands, Reykjavíkurborg, Landspítala, Háskólann á Akureyri, forsætisráðuneyti, Félag forstöðumanna ríkisstofnana, o.fl. 7 endurmenntunarnámskeið og fræðslufundir á vor- og haustmisseri 2006. Þátttakendur voru 575 talsins. Námskeiðin fjölluðu annars vegar um mikilvæga þætti og nýmæli í stjórnun opinberra stofnana, en hins vegar um laga- og reglugerðaramma opinberrar starfsemi. Sjá nánar viðauka II.

10. Verkefni fyrir stjórnáslufræðiskor

Eitt verkefna stofnunarinnar er að vinna eftir föngum ýmis þjónustuverkefni fyrir stjórnáslufræðiskor, auk verkefna sem tengjast meistaranámi skorarinnar. Aðalþungi þeirra tengist meistaranámi í opinberri stjórnáslu, þróun þess, kynningu, námsráðgjöf o.fl., eins og fram kemur hér að framan. Önnur verkefni sem nefna má er kynning BA-náms íframhaldsskólum, námskeið fyrir nýja nemendur, námskeið fyrir kennara í kennslutækni, samkomur fyrir kennara og nemendur. Mörg þeirra verkefna sem stofnunin hefur átt frumkvæði að hafa síðan flust inn í hefðbundið starf stjórnáslufræðiskorar og félagsvísindadeildar.

11. Fjármögnun starfsemi Stofnunar stjórnáslufræða og stjórnáslu

Föst framlög samstarfsaðila stofnunarinnar eru árlega 3.6 milljónir króna, auk starfsaðstöðu og almennrar umsýslu í Háskóla Íslands, sem kostar umtalsvert fé þó það sé ekki bókfært sérstaklega og því erfitt að meta það til fjár. Til viðbótar þarf að afla a.m.k. 6 milljóna til fasts kostnaðar, auk fjármögnunar allra verkefna. Tókst það á árinu 2007 og er reksturinn, sem fyrr í góðu jafnvægi. Þó ber þess að geta að erfiðleikar í evrópska samstarfsverkefni DEMO-net hafa leitt til dráttar á greiðslum þaðan og er verkefnið nú í um 2.5 m. kr. skuld við stofnunina vegna kostnaðar á árinu 2007. Líkur eru þó yfirgnæfandi á að sú skuld verði greidd á árinu 2008.

Viðauki I. Yfirlit yfir opna fyrirlestra og málþing ársins 2007

Sem fyrr var haldinn nokkur fjöldi opinna fyrirlestra og málþinga í samstarfi við ráðuneyti, sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki og samtök. Margir erlendir fyrirlesarar tóku þátt, auk innlendra fag- og fræðimanna.

Opin málþing/ fyrirlestrar, kynningar á árinu 2007 voru alls 21 og gestir voru tæplega 1.800 manns. Þau eru hér flokkuð eftir eftirtöldum viðfangsefnum:

Stefnumörkun og stjórnun í opinberum rekstri

Stjórnmál og lýðræði

Alþjóðastjórnmál og þjóðfélagsþróun. Fjölpjöldlegar stofnanir

Lagarammi opinberrar starfsemi

Stefnumörkun og stjórnun í opinberum rekstri

Ráðningar í opinber störf: Gildi stjórnsýslu- og jafnréttis laga við ráðningar

Haldið 2. febrúar kl. 12.00 – 13.15 í samstarfi við Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands.

Fyrirlesarar Eiríkur Tómasson prófessor og Brynhildur Flóvenz lektor. Að loknum erindum tóku þau þátt í pallborðsumræðum ásamt Hólmi Friði Garðarsdóttur dósent og formanni jafnréttisnefndar HÍ og Halldóri Jónssyni sviðsstjóra vísindasviðs HÍ.

Fundarstjóri Gunnar Helgi Kristinsson prófessor

Fundinn sóttu um 40 manns.

Félagsauður sem hluti af stefnumörkun og starfi opinberra aðila - reynslan frá Kanada og

Reykjavíkurborg

Haldið 9. mars kl. 13.00 -17.00 í samstarfi við Reykjavíkurborg, Þjónustu- og rekstrarsvið og Kanadíska sendiráðið á Íslandi.

Ávarp sendiherra Kanada á Íslandi Anna Blauveldt . Aðalfyrirlesari Catherine Demers stjórnandi hjá Policy Research Initiative (PRI), kanadíska ríkisstjórnarinnar, þar sem hún stýrði verkefninu „Social Capital as a Public Policy Tool”. Aðrir fyrirlesarar: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri Þjónustu- og rekstrarsviðs, Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri Menntasviðs Reykjavíkurborgar, Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða, Ingibjörg Sigurþórsdóttir, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Grafarvogs og Kjalarness (Miðgarðs)

Fundarstjóri Óskar Dýrmundur Ólafsson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar.

Málþingið sóttu tæplega eitt hundrað manns.

Árangursmælingar í opinberum stofnunum

Haldið 15. mars kl. 9.00 – 11.00 í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana

Fyrirlesarar dr. Nicholas Irving Fisher framkvæmdastjóri Enterprise Measurement Group, Arnar Þór Mátsson sérfræðingur í fjármálaráðuneyti og kennari í opinberri stjórnsýslu og aðjúnti við stjórnmálafræðiskor H.Í. og Haukur Ingibergsson forstjóri Fasteignamats ríkisins.

Málþingið sóttu 90 manns.

Málþing um fyrstu niðurstöður starfsumhverfiskönnunar

Haldið 11. apríl kl. 8.00-10.00 í samstafi við fjármálaráðuneytið, Félag forstöðumanna ríkisstofnana, og ParX viðskiptaráðgjöf IBM.

Ávarp fjármálaráðherra Árni Mathiesen, fyrirlesarar Ómar H. Kristmundsson, dósent við Háskóla Íslands, Arndís Ósk Jónsdóttir, fagstjóri mannauðsráðgjafar ParX, Erna Einarsdóttir sviðsstjóri starfsmannamála LSH og Hrunð Sveinsdóttir, sérfræðingur í fjármálaráðuneytinu

Fundarstjóri Margrét S. Björnsdóttir, Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála.

Málþingið sóttu 170 manns.

Hvernig má auka nýsköpun í opinberum rekstri?

Haldið 16. maí kl. 8.00 – 10.00 í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana, Iðntæknistofnun Íslands og Rannís.

Fyrirlesarar Elvar Örn Arason sérfræðingur á greiningarsviði Rannís, Karl Friðriksson framkvæmdastjóri Iðntæknistofnunar og María Heimisdóttir læknir og sviðsstjóri Hag- og upplýsingasviðs Landspítala-háskólasjúkrahús.

Fundarstjóri Haukur Ingibergsson formaður Félags forstöðumanna ríkisstofnana.

Málþingið sóttu 60 manns.

MPA dagurinn 2007- Kynning á niðurstöðum níu lokaverkefna vetrarins 2006-2007 í þremur málstofum

Haldinn 31. maí kl. 16.00-18.00.

Lýðræði og stjórnskipan, Sara Björg Sigurðardóttir, Stefanía Karlsdóttir, Svavar Halldórsson. *Umbætur og nýmæli í opinberum rekstri og þriðja geira*, Guðfinna Björk Kristjánsdóttir, Ingibjörg Broddadóttir, Sveinbjörn F. Strandberg, Eva Þengilsdóttir. *Skipulag safna og menningarstefna*, Gísli Sverrir Arnason, Kristinn Valdimarsson, Gunnhildur Kristín Björnsdóttir

Stjórnendur málstofa Sigurður Helgason stjórnarsýslufræðingur, Margrét S. Björnsdóttir MPA og Gunnar Helgi Kristinsson prófessor.

MPA daginn sóttu um 30 manns

Skattapólitík: Er skattkerfið sanngjarnt og hvernig nýtast ívilnanir þess?

Opinn fyrirlestur og samkoma fimmtudaginn 12. júlí kl. 16:30 í tilefni af útkomu 1. tölublaðs 3. árgangs 2007 www.stjornmalogstjornsysla.is

Fyrirlesari einn höfundanna Indriði H. Þorláksson hagfræðingur og fv. Ríkisskattstjóri og byggði erindi hans á samnefndri grein.

Fyrirlesturinn sóttu um 25 manns.

Ný ríkisstjórn- ný tækifæri? 15 ráð til ráðherra og stjórnenda hins opinbera til að bæta opinberan rekstur

Haldið 3. október kl. 8.00-10.15 í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana .

Fyrirlesarar Ómar H. Kristmundsson dr. í stjórnsýslufræðum, dósent við H.Í., Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir dr. í stjórnsýslufræðum, Sigurður Helgason stjórnsýsluráðgjafi, Margrét S. Björnsdóttir forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og Þorkell Helgason dr. í stærðfræði, orkumálastjóri.

Viðbrögð við hugmyndum fyrirlesara: Ragnhildur Arnljótsdóttir ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneytinu og Vilhjálmur Egilsson frkv.stj. Samtaka atvinnulífsins.

Fundarstjóri Haukur Ingibergsson, formaður Félags forstöðumanna ríkisstofnana og forstjóri Fasteignamats ríkisins.

Málþingið sóttu 135 manns.

Stjórnun og starfsmannamál hjá ríkisstofnunum. Fyrsti hluti niðurstaðna könnunar meðal forstöðumanna ríkisstofnana- 2007 og mögulegt framhald í ljósi þeirra

Haldið 24. október kl. 8.00-10.00 í samstarfi við fjármálaráðuneytið og Félag forstöðumanna ríkisstofnana

Fyrirlesarar Ómar H. Kristmundsson, dósent við H.Í. og Gunnar Björnsson, skrifstofustjóri

Fundarstjóri Margrét S. Björnsdóttir forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða.

Fundinn sóttu 200 manns.

Niðurstöður könnunar á starfsumhverfi Háskóla Íslands

Haldið 22. nóvember kl. 12.00 -13.15 í samstarfi við starfsmannasvið Háskóla Íslands.

Setning fundarins Kristín Ingólfssdóttir, rektor. Fyrirlesarar Ómar H. Kristmundsson, dósent í opinberri stjórnsýslu, Lilja Þorgeirsdóttir MPA- starfsmaður verkefnisins, Hildur Halldórsdóttir, verkefnastjóri starfsmannasviði HÍ. Að því loknu sátu rektor og fyrirlesarar fyrir svörum fundarmanna.

Fundarstjóri var Margrét S. Björnsdóttir, forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála.

Fundinn sóttu um 70 manns.

Stjórnmal og lýðræði

Fátækt og ójöfnuður af sjónarhóli stjórnmálaheimspekinnar

Haldið 31. janúar kl. 16.00.

Fyrirlesari Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor í stjórnmálafræði HÍ.

Fundarstjóri Ólafur Þ. Harðarson prófessor, forseti félagsvísindadeildar HÍ.

Fundinn sóttu um 60 manns.

Þáttur kvótakerfisins í byggðaröskun- Fyrsti fundur um áhugaverðar rannsóknir í lokaritgerðum nemenda við stjórnmálafræðiskor HÍ.

Haldinn 6. febrúar kl. 12.00-13.15.

Fyrirlesari Annas Sigmundsson BA í stjórnmálafræði kynnti niðurstöður úr sinni BA ritgerð. Í pallborði sátu

Einar Kristinn Guðfinnsson, sjávarútvegsráðherra og Anna Kristín Gunnarsdóttir, þingmaður

Samfylkingarinnar.

Fundarstjóri Örn Arnarson stjórnmálafræðingur, stundakennari við H.Í. og blaðamaður á Viðskiptablaðinu.

Funundinn sóttu um 40 manns.

Stjórnmalakonur og fjölmiðlar í aðdraganda kosninga: "Hvar fékk hún þessa skó?"

Opinn fyrirlestur haldinn 13. apríl kl. 12.00 – 13.30 í samstarfi við Rannsóknastofu í kvenna og kynjarannsóknnum við HÍ. og Blámannafélag Íslands.

Fyrirlesari Karen Ross prófessor í fjölmiðlafræðum (Mass communication) við Háskólann í Coventry í Englandi. Hún hefur skrifað og ritstýrt fjölda bóka sem m.a. eru kenndar við Háskóla Íslands, s.s. Women and Media. International Perspectives (2004), Women, Politics and Change (2002) og Black Marks: Minority, Ethnic Audiences and Media (2001).

Fundarstjóri Margrét S. Björnsdóttir forstöðumaður.

Fundinn sóttu um 50 manns.

Stefnir í stjórnarkreppu? Fordæmi úr fortíðinni. Hvaða kostir koma til greina?

Opíð málþing 4. maí, 12.00-13.30 í samstarfi við Sagnfræðingafélag Íslands og Morgunblaðið.

Fyrirlesarar Stefánía Óskarsdóttir stjórnmálafræðingur, Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur, Helgi Skúli

Kjartansson sagnfræðingur og Agnes Bragadóttir blaðamaður.

Fundarstjóri Gunnar Helgi Kristinsson stjórnmálafræðingur.

Málþingið sóttu um 40 manns.

Lýðræðisþróun í sveitarfélögum, fyrirlestur Gunnars Helga Kristinssonar á fundi bæjarstjóra 24. Maí 2007

Ný form lýðræðis, íbúalýðræði, félagsauður og lýðræðiskerfi sveitarfélaga

Afmælisráðstefna 30. nóvember kl. 15-17.00 í Odda stofu 101

Fyrirlesarar Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands, Dagur B. Eggertsson þáv. borgarstjóri, Hanna Birna

Kristjánsdóttir stjórnmálafræðingur og borgarfulltrúi og Gerry Stoker prófessor við háskólann í Southampton,

en hann er einn fremsti fræðimaður Evrópu á sviði staðbundins lýðræðis og sveitarfélaga. Inngangserindi

Gunnar Helgi Kristinsson stjórnarformaður Stofnunar stjórnsýslufræða.

Ráðstefnuna sóttu um 140 manns.

Alþjóðamál og þjóðfélagsþróun. Fjölbjóðlegar stofnanir

Ný sýn í öryggis- og varnarmálum Íslands í kjölfar brotthvarfs varnarliðsins frá Íslandi

Haldið 18. janúar kl. 12-13.15 í samstarfi við Samtök um vestræna samvinnu (SVS), Varðberg og utanríkisráðuneytið.

Fyrirlesari Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra.

Fundarstjóri Margrét S. Björnsdóttir forstöðumaður.

Fundinn sóttu um 190 manns.

Öryggis-, utanríkis- og varnarmál þjóðarinnar; stefna íslenskra stjórnmalaflokka í aðdraganda kosninga

Opinn fundur 18. apríl kl. 17.00-18.30 í samstarfi við Samtök um vestræna samvinnu og Varðberg.

Framsögumenn Ágúst Ólafur Ágústsson, alþm. og varaformaður Samfylkingarinnar, Bjarni Benediktsson, alþingismaður Sjálfstæðisflokksins, Guðni Ágústsson, alþm. og varaformaður Framsóknarflokksins, Katrín Jakobsdóttir, varaformaður Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs, Magnús Þór Hafsteinnsson, alþm. og varaformaður Frjálslynda flokksins og Margrét Sverrisdóttir, varaformaður Íslandshreyfingarinnar.

Fundinn sóttu um 40 manns.

Marshall aðstoðin- hlutverk hennar við uppbyggingu lýðræðisþjóða

e. síðari heimsstyrjöld- “Selling Democracy” framlag Marshall-aðstoðarinnar

Haldinn 7. júní kl. 17.00- 19.00 í samstarfi við Samtök um vestræna samvinnu, Varðberg og sendiráð Bandaríkjanna á Íslandi.

Sandra Schulberg, forstjóri Phobos Entertainment, en faðir hennar var yfirmaður kvikmyndadeildar Marshall-áætlunarinnar, kynnti og sýndi sögulegar kvikmyndir frá Marshall-aðstoðinni og Þór Whitehead, prófessor í sagnfræði kynnti markmið Marshall áætlunarrinnar og áhrif hennar hér á Íslandi..

Fundinn sóttu um 40 manns.

Erindi Íslands og ávinningur á alþjóðavettvangi; Alþjóðasamstarf á 21. öld og öryggisráð Sameinuðu þjóðanna fyrsti viðburður háskólaumræðu utanríkisráðuneytisins og átta íslenskra háskóla

Málþing haldið 7. september kl. 11.50 til 13.25. Stofnun stjórnsýslufræða og Alþjóðamálstofnun HÍ sáu um þennan fyrsta háskólafund í samstarfi við utanríkisráðuneytið.

Ávörp forsætisráðherra Geir H. Haarde og utanríkisráðherra Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Fyrirlesarar Baldur Þórhallsson, prófessor, Alyson Bailes, gestaprófessor við stjórnmalafraeðiskor H.Í., Björg Thorarensen prófessor í lögfræði við H.Í.

Fundarstjóri Kristín Ingólfssdóttir rektor Háskóla Íslands.

Fundinn sóttu um 180 manns.

Lagarammi opinberrar starfsemi

Seminar on Legal Informatics and E-Governance as Tools for the Knowledge Society

Haldið 13. og 14. júlí í tengslum við fund evrópsks samstarfsnets um þróun regluhverfis upplýsingasamfélagsins:

<http://www.lefis.org>

Þáttakendur voru 25.

Viðauki II. Yfirlit yfir endurmenntunarnámskeið og fræðslufundi ársins 2007

Sem fyrr voru haldin endurmenntunarnámskeið og fræðslufundir í samstarfi við ráðuneyti, sveitarfélög, fyrirtæki, stofnanir og samtök.

Haldin voru 7 lengri og styttri námskeið í samstarfi við Endurmenntun Háskólans, forætisráðuneyti, Lagastofnun H.Í., Félag forstöðumanna ríkisstofnana, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga og Háskólann á Akureyri. 575 manns sóttu námskeiðin.

Áhrif laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga; við söfnun upplýsinga, skráningu, miðlun og málsmeðferð stjórnvalda

Fræðslufundur 9. nóvember nk. kl. 8.00 - 10.30 haldinn í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana.

Fyrirlesari dr. Páll Hreinsson hæstaréttardómari, formaður stjórnar Persónuverndar og fv. prófessor. Námskeiðið var tekið upp á myndband og fengu nokkrir aðilar úti á landi (Dalvík, Húsavík og Fjarðabyggð) aðgang að upptökum og námsefni gegn greiðslu útlagðs kostnaðar. Fræðslufundinn sóttu 160 manns, auk þeirra upb. 25 sem fengu aðgang að upptökum og námsefni.

Stjórnsýslulög og -reglur – hvar eru helst gerð mistök og hvaða leiðir eru til að forðast þau?

Fræðslufundur í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana og forsætisráðuneyti.

Haldið 7. mars kl. 8.15-11.30 í Reykjavík og 8. október á Akureyri í samstarfi við Háskólann á Akureyri.

Fyrirlesari: Tryggvi Gunnarsson umboðsmaður Alþingis.

310 manns sóttu fræðslufundina.

Pverfagleg teymi í félags- og heilbrigðisgreinum, skólakerfi og sveitarfélögum (Cross-professional teamwork)

Haldið 17. apríl kl. 8.30 – 16.00 í samstarfi við Endurmenntun HÍ.

Fyrirlesari dr. Malcolm Payne prófessor emeritus v. Manchester Metropolitan University, þekktur bókahöfundur og kennari á þessu sviði.

Námskeiðið sóttu 27 manns.

Stjórnsýsluréttur fyrir starfsmenn í stjórnsýslu sveitarfélaga

Haldið 11. september - 19. október í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga

Fjarnám í gegnum símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni

Umsjónarmaður og aðakennari Trausti Fannar Valsson cand. jur., stundakennari við Lagadeild H.Í. og í opinberri stjórnsýslu MPA-námi og doktorsnemi í sveitarstjórnarrétti við Lagadeild Háskóla Íslands.

Námskeiðið sóttu 48 frá 16 símenntunarmiðstöðvum, skólum og bókasöfnum á landsbyggðinni.

Stjórnsýslureglur – Náum betri árangri og aukum gæði stjórnsýslunnar: Lagagrundvöllur athafna stjórnsýslunnar- stjórnvaldsfyrirmæla og stjórnvaldsákvæðana- fyrsta málstofa af fjórum.

Haldið 14. september kl. 14.00 - 18.00 og 15. september kl. 9.00-12.00 á Hótel Hvolsvelli.

Fyrsti hluti námskeiða/málstofa, sem sérstaklega eru skipulögð fyrir lögfræðinga í Stjórnarráði Íslands.

Kennarar Páll Hreinsson prófessor, nýskipaður hæstaréttardómari, Róbert R. Spanó prófessor og Tryggvi Gunnarsson umboðsmaður Alþingis.

Námskeiðið sóttu 30 manns.